



# Borgarspítalareitur, geðsvið



Breytingar þessar takmarkast við breytta landnotkun innan núverandi lóðar Borgarspítala

Hluti lóðarinnar var breytt í íbúðarbyggð (ÍB31) við gerð AR2040 árið 2022, í samræmi við þá fyrirliggjandi viljayfirlýsingu ríkis og borgar um breytta nýtingu valinna ríkislóða.

Breytingarnar nú miða að því að lóðin öll verði á ný skilgreind sem samfélagsþjónusta og geðsvið Landspítalans geti byggst upp á svæðinu.



## Aðdragandi. Tveir megin valkostir um til skoðunar\*



- Fjöldmargir valkostir skoðaðir í aðdragandanum, m.a að stefna áfram að uppbyggingu við Hringbraut
- **Megin forsenda LSH er að nýr geðspítali risi innan við 5 km frá LSH við Hringbraut.** Tveir megin staðarvalkosti til nánari skoðunar, sbr skýrsla Eflu
- Bornir saman með tilliti til áhrifa uppbyggingar á umhverfið annars vegar og með tilliti til aðstæðna fyrir starfsemina hins vegar
- Báðir kostir geti komið til greina, en útfrá megin niðurstöðum er staðsetning við Borgarspítala talin betri m.a. m.t.t. útsýnis, birtuskilyrða og og minni mengunar frá Kringlumýrarbraut.
- Í framhaldi greiningar Eflu hefur verið unnin á USK frumgreining á svæðinu sunnan Borgarspítala
- Niðurstöður hennar benda til þess að þörf sé á öllu svæðinu sunnan og austan Borgarspítalabyggingarinnar, sem nú er skilgreint sem íbúðarbyggð (ÍB31) og er 5,4 ha að stærð.

\*Á fundi borgarráðs, 21. september 2023, var samþykkt tillaga borgarstjóra um að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að hefja undirbúning að endurskoðun deiliskipulags annars áfanga nýs Landspítala ásamt því finna framtíðarhúsnæði geðþjónustu Landspítala stað. Í framhaldi þess var umrædd forathugun á staðsetningu geðsviðsins unnin

# Afmörkun svæðis, möguleg uppbygging

Íbúðarbyggð (5,4 ha) verði skilgreind á ný sem samfélagsþjónusta



- **Batamiðuð geðþjónusta í gróðursælu og kyrrlátu umhverfi, með rúmgóðum grænum inngörðum**
- **24 þúsund fermetrar (áætlað byggingarmagn)**
- **2ja hæða byggingar (almennt viðmið)**
- **Grunnflötur bygginga um 12 þúsund fermetrar og fótspor bygginga um 22% af heildarsvæðinu**

## Markmið um skipulag og hönnun á svæðinu, sbr. deiliskipulag:

- Á svæðinu verði byggt upp geðsvið LSH á grundvelli hugmyndafræði um batamiðuð umhverfi, horft til bygginga og nærumhverfis
- Nýbyggingar og helstu aðkomur falli vel að nærliggjandi byggð og styrki ásýnd svæðisins.
- Svæðið geti áfram nýst sem garð- og dvalarsvæði þeirra sem næst búa og útivistarfólki á leið um Fossvogsdal,
- Áhersla verði á góðar göngu- og hjólatengingar að svæðinu og um reitinn
- Að samsetning bygginga og tenginga bjóði uppá fjölbreytni og uppbot sem tengist jafnt góðum inni- og útirýmum, á jarðhæðum, inngörðum og svölum.
- Vinna skal dagsljósgreiningu svo fullnægjandi dagsbirta innan byggingamassa verði tryggð.
- Nýbyggingar myndi skjólgóð og sólrík útisvæði með fjölbreyttum gróðri og lífríki og fjölbreyttum möguleikum til útiveru
- Vinna skal skuggavarpsgreiningar svo góð birtuskilyrði aðliggjandi svæða verði tryggð, og yfirbragð núverandi byggðar og sjónásar og lykilkennileiti, náttúruleg og manngerð haldist, sbr. kafla 3.6. í AR2040.
- Kortleggja núverandi trjágróður og setja upp markmið um að núverandi trjágróður nýtist við uppbygginguna eins og kostur er.
- Við hönnun nýbygginga geðsviðsins, jafnt forma, uppbrota t.a.m. gluggaskipan, og efnisvals, verði tekið fullt til arkitektúrs Borgarspítalans.



# Borgarspítalareitur, geðsvið, aðalskipulagsbreyting Afgreiðsla



Samþykkt að kynna fyrirbyggjandi verklýsingu og drög að tillögu skv. 1. og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, (sbr. einnig lög um umhverfismat áætlana).

Áður en endanleg tillaga að aðalskipulagi er mótuð þarf að ganga frá nýjum samningi milli Reykjavíkurborgar, sem landeigenda, og ríkisins um úthlutun landsins til LSH.

